

Til sveitarfélaga

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	03.10.19
Málalýkill	00.48
Mál nr.	1906300

Reykjavík, 30. september 2019

Tilvísun ÞÍ: 2019091490/6.6.6.4

Efni: Leiðrétt fasteignamat 2020 fyrir fjölbýli

Þjóðskrá Íslands tilkynnir hér með að stofninin hefur leiðrétt áður tilkynnt fasteignamat 2020 fyrir íbúðir í fjölbýli.


Leiðréttingin fór fram á grundvelli 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 vegna misritunar eða annarrar bersýnilegrar villu í skráningargögnum. Við yfirferð og innra eftirlit hjá stofnuninni kom í ljós reikningssekkja sem fölst í því að við útreikning fasteignamats var ekki tekið tillit til á hvaða hæð íbúðir eru í fjölbýli eins og gert var ráð fyrir í fasteignamatslíkani Þjóðskrár Íslands fyrir árið 2020.

Heildaráhrif á fasteignamat eru ekki mikil þar sem þær íbúðir sem hækka í mati hækka að meðaltali um 1,1% en þær íbúðir sem lækka í mati, lækka að meðaltali um 0,5%. Heildaráhrif á fasteignamat vegna þessara breytinga eru 0,5%.

Unnt er að óska eftir rökstuðningi fyrir ákvörðun þessari. Skal beiðni berast Þjóðskrá Íslands innan 14 daga frá móttöku hennar, sbr. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Beiðni skal berast skriflega á netfangið skra@skra.is.

Samkvæmt 34. gr. laga nr. 6/2001 má kæra umrædda ákvörðun um endurmat til yfirfasteignamatsnefndar, enda sé kæran studd rökum og nauðsynlegum gögnum. Kærufrestur er þrír mánuðir, sbr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Heimilisfang nefndarinnar er Skuggasund 3, 150 Reykjavík.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Hjörtur Grætarsson
Sviðsstjóri fasteignaskrársviðs

